


# Gangráður

Gangráður er græddur í einstaklinga þegar ákveðnar truflanir verða í leiðslu-kerfi hjartans. Afleiðingar truflana geta ýmist verið hjartsláttarhlé, hægur eða óreglulegur hjartsláttur. Algengast er að gangráður sé meðferð við hægum hjartslætti. Gangráður er ekki meðferð við hröðum hjartslætti og því er mikilvægt að halda lyfjameðferð áfram vegna slíkra einkenna.

Gangráður er fyrirferðalítil og er hann settur undir húð fyrir neðan viðbeinið, hægra eða vinstra megin. Gangráðsgræðsla er gerð á hjartaþræðingastofu Landspítala við Hringbraut og tekur um hálfu klukkustund. Aðgerðinni fylgir lítil áhætta. Þó er einhver hættu á blæðingu (um 1% áhætta) loftbrjósti (um 2% áhætta) og að gangráðsleiðslur færast úr stað (um 5% áhætta).



## Undirbúningsviðtal

### Símainnritun

Hjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð og staðfestir aðgerðardag. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókna er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

### Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Heilsufar og sjúkdóma

Einnig verður spurt um hvort sjúklingur hafi greinst með fjölonæmar bakteríur, eða síðustu sex mánuði:

- Þegið heilbrigðisþjónustu erlendis
- Verið með kýli eða endurteknar húðsýkingar
- Ferðast til landa utan Evrópu, Bandaríkjanna eða Kanada

### Lyfjanotkun

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina. Ekki þarf að stöðva töku Hjartamagnýls.

- Ef notuð eru lyfin Kóvar, Warfarin, Eliquis, Pradaxa, Xarelto eða Lixiana metur hjúkrunarfræðingur í samráði við lækni hvort þörf er á að gera breytingu á töku lyfsins.
- Hætta á töku Brilique (Ticagrelor), Plavix/Grepid (Clopidogrel) og Efient (Prasugrel) sjö dögum fyrir rannsóknina, þó aðeins í samráði við hjúkrunarfræðing og eftir fyrir mælum lækni.

### Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum, skuggaefni eða öðru.

**Upplýsingar um ávísuð lyf er hægt að nálgast á vefsíðunni [www.heilsuvera.is](http://www.heilsuvera.is)**

### Rannsóknir

Í símaviðtalinu er ákveðinn tími fyrir blóðsýnatöku og hjartalínurit.

## Kostnaður

Greiða þarf fyrir símainnritun og rannsóknir.

## Kvöldið fyrir aðgerð

### Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

### Sturta með sóttþreinsandi sápu

Nauðsynlegt er að fara í sturtu kvöldið fyrir aðgerð og nota sérstaka sóttþreinsandi sápu sem er afhent á hjartagátt skv. leiðbeiningum í símainnskrift. Ekki má nota svitalyktareyði, krem, fördunarvörur, naglalakk, ilmefni eða skartgripni eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum. Leiðbeiningar um sturtuna eru aftast í bæklingnum.

### Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu. Skilja þarf skartgripni og úr eftir heima.

## Aðgerðardagur

### Sturta með sóttþreinsandi sápu

Að morgni aðgerðardags er farið í aðra sturtu með sóttþreinsandi sápu áður en farið er á spítalann. Ekki má nota svitalyktareyði, krem, förðunarvörur, naglalakk, ilmefni eða skartgripa eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

### Lyf að morgni

Taka má morgunlyf með litlum vatnssopa eins og rætt var í símainnritun.

### Mæting er á hjartagátt 10D í kjallara Landspítala við Hringbraut, á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags.

Fyrir aðgerð er settur æðaleggur í handlegg, hár fjarlægt á aðgerðarsvæði undir viðbeini ef þess þarf og gefin róandi lyf og sýklalyf. Aðgerðin er gerð í staðdeyfingu. Litill skurður er gerður neðan við viðbein. Stungið er í bláæð undir viðbeininu og gangráðsleiðslur færðar í gátt og/eða slegil. Gangráðsleiðslurnar eru tengdar gangráðnum sem komið er fyrir undir húðinni. Skurðinum er lokað með saumi sem eyðist. Vatnsheldar umbúðir eru settar yfir skurðsvæðið. Gangráðsrafhlaðan dugar í 5-10 ár.

### Eftirlit með hjartslætti

Fylgst er með hjartslætti í hjartarafsjá (monitor).

### Matur og drykkur

Drekka má og borða þegar áhrif slakandi lyfja hafa dvínað.

### Hreyfing

Fara má fram úr og ganga um eftir getu þegar viðkomandi treystir sér til. Ekki má lyfta olnboga upp fyrir axlarhæð þeim megin sem gangráðurinn er vegna hættu á að gangráðsleiðslurnar færast til. Hinn handlegginn má hreyfa að vild.

### Verkir

Búast má við óþægindum eða vægum verkjum í skurðsári og eru sjúklingar hvattir til að láta vita ef þeir þurfa verkjalyf.

## Útskrift

Flestir útskrifast samdægurs eftir aðgerð. Fyrir útskrift er tekið hjartalínurit og stundum er tekin röntgenmynd af brjóstkassanum. Gangráður er mældur og stilltur í gangráðseftirliti fyrir útskrift. Hjúkrunarfræðingur og hjartasérfræðingur veita útskriftarviðtal þar sem farið er yfir hvers má vænta eftir aðgerð, niðurstöður rannsókna, lyfjanotkun og eftirlit. Ráðlagt er að fara sér hægt þennan dag.

## Verkir

Stundum geta verið óþægindi yfir gangráðsstað í allt að tvær vikur eftir ísetningu meðan bandvefur er að myndast kringum gangráðsboxið. Ef þörf er á, má taka verkjalyf sem hægt er að kaupa án lyfseðils samkvæmt leiðbeiningum læknis eða hjúkrunarfræðings.

## Skurðsvæði

Óhætt er að fara í sturtu. Umbúðirnar eru vatnsheldar og eru fjarlægðar í gangráðsmóttöku eftir 7–10 daga. Ekki má fara í sund, baðkar eða heitan pott fyrir en fjórum vikum eftir gangráðssetningu og þá í samráði við lækni í gangráðseftirliti.

Ekki er óeðlilegt að finna og jafnvel greina gangráðsboxið undir húðinni, einkum hjá grönnum einstaklingum. Örfefur getur myndast eftir skurðinn. Ef örið er mjög áberandi og veldur óþægindum er ráðlagt að ræða það við lækni.

## Hreyfing

Í fjórar vikur eftir aðgerðina þarf að forðast mikla áreynslu, ekki lyfta þungu og ekki hreyfa handlegginn upp yfir höfuðið þeim megin sem gangráðurinn er. Til að koma í veg fyrir stírðleika í handleggnum þarf að hreyfa hann um olnboga og hreyfa fingurna. Gangráður kemur oftast ekki í veg fyrir hreyfingu eða íþróttir en mikilvægt er að láta lækni vita ef óþægindi fylgja hreyfingu eða íþróttum.

## Akstur

Læknir veitir upplýsingar um hvenær má aka bíl eftir útskrift.

## Vinna

Ef allt hefur gengið vel er óhætt að hefja vinnu 3-7 dögum eftir útskrift ef vinnan er ekki líkamlega erfið. Ef vinnan er líkamlega erfið eða útheimtir beitingu á handlegg er fjarvera allt að fjórum vikum.

## Daglegt líf

Gangráður er stilltur eftir þörfum hvers og eins. Mögulega finnur fólk þó fyrir hraðari hjartslætti en áður ef hægur hjartsláttur var ástæða gangráðsigræðslunnar. Gangráður kemur ekki í veg fyrir hraðan hjartslátt þannig að þau einkenni geta verið áfram til staðar.

Gangráður á ekki að hafa áhrif á daglegar athafnir og hægt er að nota öll rafknúin heimilistæki áhyggiulaust. Óhætt er að nota farsíma, þó er ráðlegt að hafa hann ekki nær gangráði en 7 cm þegar talað er í símann.

Ef þörf er á meðferð sjúkraþjálfara, þarf að láta hann vita um gangráðinn.

Þó flest rannsóknatæki hafi ekki áhrif á gangráðinn er ráðlagt að láta heilbrigðisstarfsfólk vita af honum. Ekki er hægt að gera segulómun (MRI) hjá fólki með gangráð nema hann sé MRI öruggur. Ef fyrirhuguð er segulómun þarf að hafa samráð við gangráðseftirlit áður.

Fylgjast þarf reglulega með virkni gangráðsins. Skirteini (patient identification card) sem inniheldur upplýsingar um gangráðinn er afhent við eftirlit á gangráðsmöttöku eftir útskrift.

## Öryggishlið á flugvöllum

Óhætt er að fara í gegnum öryggishlið á flugvöllum. Ráðlagt er að láta vita af gangráðnum og sýna gangráðsskirteini.

## Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

**Hafa þarf samband við gangráðseftirlit eða Hjartagátt ef eftirfarandi einkenni gera vart við sig í tvær vikur eftir gangráðssetningu:**

- Hiti, hærri en 38,5°C
- Verkur, hiti eða bólga á skurðsvæði eykst
- Viðvarandi hjartsláttartruflanir
- Svimi eða viðvarandi hiksti
- Versnandi mæði eða verkur fyrir brjósti

Hjartagátt 10D er opin virka daga frá klukkan 8 til 20, sími 543 2050. Ef Hjartagátt 10D er lokuð má hringja í skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um vakthafandi deildarlækni á lyflækningasviði Hringbraut fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð.

Ef bráð vandamál koma upp utan opnunartíma Hjartagáttar þarf að leita til bráðamóttöku í Fossvogi sem er opin allan sólarhringinn.

## Símanúmer

Gangráðseftirlit (opið virka daga kl. 08:00-16:00)	543 6031
Hjartagátt 10D (opin virka daga kl. 08:00-20:00)	543 2050

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI  
LYFLÆKNINGASVIÐ  
SEPTEMBER 2019  
LSH-472


ÁBYRGÐARMENN:  
YFIRLÆKNIR OG DEILDARSTJÓRI  
HJARTAGÁTTAR 10D

UMBROT:  
SAMSKIPTADEILD

## Þvottur með klórhexidínsápu (Hibiscrub® 4%)

### Notið ekki aðrar sápur eða sjampó samhliða þvotti með klórhexidínsápu

- Notið eyrnatappa til að koma í veg fyrir að sápa fari í eyrun
- Varist það að sápan fari í augun
- Bleytið hárið og allan líkamann.  
Skrúfið fyrir vatnið
- Setjið sápu í hárið
- Þvoið líkamann í þessari röð:
  1. Andlit, vel í kringum nefið
  2. Hendur og undir höndum og brjóstum
  3. Búkur og nafli
  4. Fótleggir og fætur, vel á milli tána
  5. Nári, kynfæri og rassaskora
- Skolið líkamann vandlega og endurtakið síðan þvottinn frá byrjun. Notið nýjan svamp eða hreint þvottastykki ef sápan er í fljóttandi formi
- Ekki setja krem, púður eða svitalyktareyði á líkamann eftir baðið og ekki nota úr eða skartgrip
- Farið í hrein föt, hreina sokka og inniskó



Sýkingavarnadeild LSH 2015 - Sýkv-023